

# Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands

## Fundur 4. ágúst 2010

### 5. fundur

Staðsetning: KSÍ laugardal, 12:00 – 13:30

Mættir: Arnar Bill, Ómar, Kristján, Sigurður og Úlfar.  
Boðuð forföll: Þórir

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

#### 2. Árgjald og það sem fylgir því

Formaður sagði frá viðræðum við LÍ um fá niðurfelld kostnað við að senda út greiðsluseðla vegna árgjalds. Gjaldkeri vinnur í því að fá möppur fyrir félagsmenn sem greiða árgjaldið.

#### 3. Niðurstaða í að „fylgjast með þjálfarara“

Fræðslunefnd KSÍ hefur samþykkt það að þeir sem að skrái sig og fylgist með æfingum fái tímann metinn. Æfing hjá UEFA pro þjálfara gefi A og B þjálfurum endurmentunartíma. Ef A þjálfari er með æfinguna þá fær B þjálfari metið sem endurmenntun. Ákveðið að ræða við A landsliðsþjálfara karla og kvenna um að leyfa þjálfurum að fylgjast með æfingu.

#### 4. Bikarúrslitaráðstefnan

Ákveðið að vera með sameiginlega ráðstefnu karla og kvenna. Aðalfyrirlesarinn verður Stuart Baxter, auk hans verða sérfræðingar sem spá í leikinn og liðin. Ásamt þjálfurum liðana í úrslitum. Úlfar og Arnar Bill ræða við þjálfarana sem eru með lið í úrslitum. Umræður um hvaða sérfræðinga við ættum að fá til skoða liðin í úrslitum. Ráðstefnustjóra vantar.

#### 5. Staðan á afmælisráðstefnunni

Farið yfir stöðuna. Gestalistinn næstum því orðinn klár, Færeyingar ætla að senda fulltrúa en eiga eftir að tilnefna og Svíar hafa ekki svarað. Houllier og Verheijen hafa staðfest komu. Ákveðið að athuga með M.Sammer frá Þýskalandi en UEFA hefur boðist til að vera okkur innan handar með að fá einn auka fyrirlesara í staðinn fyrir A.Roxburgh sem kemst ekki. Ákveðið að ganga frá nafnalista, flugtímum og gistingu fyrir erlenda gesti og senda það til framkvæmdastjóra KSÍ.

#### 6. Þjálfarar sem hætt hafa störfum

Formaður greindi frá því að hann hefði rætt við alla þá þjálfara sem hætt hefðu störfum frá síðasta fundi.

#### 7. Önnur mál

- a. Ólafur Jósefs hefur verið í sambandi við Formanninn útaf heimsókn A landsliðsþjálfara í Hveragerði. Formaður klárar málið með Óla Jó og Hvergerðingum.

Úlfar Hinriksson  
ritari